

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Deiliskipulag Sjálands í Garðabæ, Langalína 20-26.

Breytingin nær til lóðarinnar Löngulínu 20-26 og gerir ráð fyrir því að neðanjarðarbyggingarreitir bílakjallara stækki um 350 m² inn undir opið svæði á lóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð sem óveruleg breyting í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 9. apríl 2013.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2013